

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Í grunnskólum bæjarins eru um 3.730 nemendur í um 175 bekkjardeildum og nemendur í Barnaskóla Hjallastefnunnar um um 90. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 6. TBL.

2. OKTÓBER 2009

Grænfáninn í fjórða skipti til Engidalsskóla

Grænfáninn var dreginn að húni í fjórða skipti í Engidalsskóla í vikunni. Engidalsskóli hlaut fánann fyrst árið 2003 og hefur fengið hann á tveggja ára fresti síðan, þ.e. árin 2005, 2007 og 2009. Verkefnið hófst með undirbúningi í skólanum árið 2001 sem stóð yfir allt þar til fáninn fékkst árið 2003. Enginn skóli getur fengið Grænfánann endurnýjaðan nema með því að halda áfram því starfi sem fáninn stendur fyrir. Það felst í því að vinna að endurvinnslu og náttúruvernd með ákveðnum verkefnum innan skóla, s.s. umhverfsnefnd, flokkun o.fl. Slíkt er viðurkennt opinberlega og þá er Grænfáninn afhentur. Skólinn er jafnframt forystuskóli í umhverfismennt og náttúrufræðikennslu.

Í tilefni af afhendingu Grænfánans var haldin hátíð í skólanum þar sem allir nemendur komu á sal og tóku á móti fánanum. Jafnframt voru lesin upp ljóð eftir nemendur og nemendur voru verðlaunaðir fyrir árangur í Norræna skólahlaupinu fyrr í haust. Þá fékk Erla María Eggertsdóttir, fyrrverandi aðstoðarskólalastjóri, blómvönd í tilefni dagsins en á meðan hún starfaði við skólann var hún ötull stuðningsmaður þess að fá Grænfánann í skólann og halda utan um starf sem hann tengdist.





Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» **Frá Námsgagnastofnun:** Nýlega var opnaður vefur um lífsleikni og nefnist **Lífsleikurinn** og er á vefslóðinni <http://www.nams.is/lifsleikurinn/index.htm>. Þetta er gagnvirkur leikur þar sem leikmaður þarf að glíma við ýmsar aðstæður sem upp koma á lífsleiðinni. Kennsluleiðbeiningar ásamt verkefnum og hljóðbók með kennslubókinni **Miðaldafólk á ferð** er nú komin á vefinn. Þetta er kennslubók í sögu fyrir miðstig grunnskóla. Þá tilkynnti stofnunin um fjölgun fræðslumynda sem hægt er að hlaða niður af vef stofnunarinnar.

» Í tilefni af tíu ára afmæli **FÉKKST** - Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum, boðar stjórn félagsins til ráðstefnunnar **Trúarbragðafræðsla í skólum - hvert stefnum við?** Ráðstefnan fer fram í húsnæði menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð laugardaginn 7. nóvember nk. og hefst kl. 11:00. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á www.kennslaogtru.is. Tilkynna þarf þátttöku fyrir 1. nóvember 2009 á netfangið fekkst@kennslaogtru.is eða í síma 411 7640 (Norðlingaskóli).

» Námskeiðahaldið hefst formlega á mánudaginn kemur, 5. október og eru þá tvö námskeið. **Grunnnámskeið í myndvinnslu nr. 301** er fullt en fleiri komast enn á námskeið nr. 501, **Mannréttindi og lýðræði í skólastofunni**.



Frá fagfundum kennara í Hafnarfirði í vikunni í Setbergsskóla þar sem þeir ræddu sín störf og verkefni .

Hegðun og samskipti í skólastarfi

Föstudaginn 6. nóvember kl. 14.30-17 og laugardaginn 7. nóvember kl. 9.30-15.30 verður haldin í Sjalandskóla ráðstefna um hegðun og samskipti í skólastarfi. Ráðstefnan fer fram í Sjalandskóla í Garðabæ. Á föstudeginum verða kynningar á þeim stefnum eða aðferðum sem markvisst eru nýttar í íslensku skólaumhverfi. Þarna verða fyrirlestarrar um *Uppbyggingu til ábyrgðar, PMT-foreldrafærni og SMT-skólafærni* frá Hafnarfirði, ART á Suðurlandi og fleiri leiðir til að vinna að jákvæðri hegðun og

samskiptum í skólastarfi. Inngangserindi um þessar aðferðir verða flutt á föstudeginum en á laugardegnum verða málstofur þar sem boðið verður upp á velja ítarlegri kynningu á þeim verkefnum sem voru kynnt á föstudeginum.



Frá Hafnarfirði mun Margrét Sigmarsdóttir, verkefnisstjóri PMT flytja erindi á föstudeginum sem nefnist **Framkvæmd og áhrif PMT**



Símenntun

aðferðanna í Hafnarfirði. Á laugardegnum mun Anna María Frimannsdóttir, PMT-ráðgjafi og yfirsálfræðingur leikskóla vera með málstofuna **SMT-skólafærni í leik og grunnskólum**. Allir eru velkomnir á ráðstefnuna og kostar hún kr. 4.500 fyrir félagsfólk í **Samtökum áhugafólks um skólaþróun** en kr. 6.000 fyrir aðra. Þetta er einstakt tækifæri til að fá yfirsýn um vinnubrögð og aðferðir sem notaðar eru í íslenska skólakerfinu í dag og hvað megi af þeim læra. Skráning fer fram í gegnum vefsíðu samtakanna.



Tilkynning vikunnar

Alþjóðadagur kennara er þann 5. október ár hvert. Á þeim degi er minnt á mikilvægis menntunar fyrir öll samfélög og komandi kynslóðir. Sömuleiðis er bent á nauðsyn kennarastarfsins í uppbyggingu menntakerfis í hverju þjóðfélagi. Til hamingju með daginn kennarar.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 9. október 2009

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/>

Námskeiðahaldið í næstu viku

Mánudagur 5. október.

- Námskeið 301 **Grunnnámskeið í myndvinnslu** (Paint.net) kl. 15-17 í Víðistaðaskóla (athugið nýr kennslustaður). Fyrsti tími af fjórum. FULLT.
- Námskeið 501 **Mannréttindi og lýðræði í skólastofunni** kl. 15-17 í Menntasetrinu við Lækinn. Fyrsti tími af þremur. (Fleiri komast á námskeiðið og er ekki þörf að skrifa sig, þ.e. nóg er að mæta á námskeiðið ef þú nærð ekki að tilkynna þátttöku fyrirfram.)



Námskeið

VEFSLÓÐ: <http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/namskeidabaeklingurgrunnskolar09-10haust.pdf>